



Ársskýrsla 2003



Ársskýrsla 2003

Aðalfundur Vinnslustöðvarinnar hf.

7. maí 2004

57. starfsár

Stjórn Vinnslustöðvarinnar hf.

Jakob Bjarnason, formaður

Gunnlaugur Ólafsson, varaformaður

Aðalsteinn Ingólfsson

Guðmundur Kristjánsson

Sigurjón Óskarsson

Varastjórn

Haraldur Gíslason

Hjálmar Kristjánsson

Framkvæmdastjórn Vinnslustöðvarinnar hf.

Sigurgeir Brynjar Kristgeirsson, framkvæmdastjóri

Stefán Friðriksson, aðstoðarframkvæmdastjóri

Andrea Atladóttir, fjármálastjóri

Guðni Guðnason, útgerðarstjóri

Sigurður Friðbjörnsson, verksmiðjustjóri

Guðmundur Elíasson, framleiðslustjóri

Efnisyfirlit

Ávarp stjórnarformanns 2

Skýrsla framkvæmdastjórnar:

Inngangur, afkoma 3

Efnahagur, starfsmenn, hlutdeildarfélög 4

Hluthafar, aflabréðgð, útgerð 4

Aflaheimildir, framleiðsla, bræðsla 6

Aflaheimildir Vinnslustöðvarinnar (tafla) 8

Heildarframleiðsla landvinnslu (tafla) 10

Heildarframl. fiskimjölsverksmiðju (tafla) 10

Sameining Ísleifs og Vinnslustöðvarinnar 11

Ársreikningur 12

Umsjón og umbrot: Athygli

Ljósmyndir úr starfsemiðinni 2003: Sigurgeir Jónasson og fleiri.

Myndir á kápubaki: Sigurgeir Jónasson.

Á myndum á kápuborsiðu eru Ísleifur VE-63,

Guðný Ármannsdóttir (lítil mynd til vinstrí),

um bord í Sighvati Bjarnasyni VE-81 (í miðið)

og lengst til hægri eru Arndís Pálsdóttir,

Hulda Ástvaldsdóttir og Ingigerður Helgadóttir.

Prentun: Prentsmíðjan Eyrún



Hafnargötu 2 · Vestmannaeyjar

Sími 488 8000 · Fax 488 8001

vsv@vsv.is · www.vsv.is

Ávarp stjórnarformanns

Ágætu hluthafar!

Nýliðið rekstrarár Vinnslustöðvarinnar hf. var að flestu leyti ánægjulegt en vissulega skyggir nokkuð á þá ánægju að blikur eru á lofti. Framlegð félagsins var viðunandi, liðlega einn milljarður króna, og veltufé frá rekstri var yfir sjó hundruð milljónir króna. Hagnaður var viðunandi en ekki nægjanlegur til að standa undir áframhaldandi kraftmíklum vexti félagsins. Efnahagur félagsins er sterkur í árslok þrátt fyrir að skuldir hafi aukist nokkuð í kjölfar sameiningar við Ísleif ehf., sem átti sér stað í byrjun október 2003.

Heildaraflí skipa félagsins á rekstrarárinu var 76.709 tonn samanborið við 86.194 tonn árið áður. Aflaverðmæti skipanna dróst saman um 6%. Verðmæti landvinnsludeilda félagsins dróst saman um 20% frá fyrra ári. Samtals voru framleidd 7.202 tonn af afurðum á rekstrarárinu en 11.175 tonn árið 2002.

Úthlutaðar veiðiheimildir Vinnslustöðvarinnar hf. á fiskveiðíárinu, sem hófst 1. september 2003, námu 15.832 þorskígildistonnum og jukust frá fyrra fiskveiðíári um 1.126 þorskígildistönn þegar tekið hefur verið tillit til sameiningar Vinnslustöðvarinnar hf. og Ísleifs ehf.

Vinnslustöðin hf. keypti á árinu liðlega helming hlutafjár í Ísleifi ehf. og sameinaðist síðan féluginu. Hlutafé Vinnslustöðvarinnar hf. var ekki aukið af því tilefni en félagið nýtti eigin bréf vegna samrunans. Þá var lagt í framkvæmdir við afkastaukningu loðnuhrognavinnslu félagsins, bæði vegna kúttunar og hreinsunar. Loðnu- og netabáturinn Kap fór í talsverðar endurbætur í Póllandí og þar var fyrst og fremst unnið að því að endurnýja vistarverur áhafnar og bæta vélbúnað skipsins.

Undanfarin ár hafa rekstrarskilyrði sjávarútvegsins verið með ágætum. Því miður eru nú blikur á lofti vegna aðstæðna innanlands og erlendra áhrifa. Rekstrarskilyrði landvinnslu félagsins versnuðu mjög þegar leið á árið. Fiskverð til útgerðar er hærra en vinnslan getur staðið undir og nú er svo komið að Vinnslustöðin hefur dregið mjög úr eða nánast hætt að vinna karfa, ýsu og ufsa sem hafa lengi verið stór hluti landvinnslunnar. Þá ríkir í raun óvissa um þorskvinnslu félagsins. Fiskverð á erlendum mörkuðum hefur farið lækkandi á flestum tegundum ef undan er skilið verð á frystri loðnu og loðnuhrognum. Þá hefur íslenska krónan haldist mjög sterk sem er slæmt fyrir útflutningsgreinarnar.

Í ávarpi mínu í síðustu ársskýrslu sagði meðal annars: „Vinnslustöðin er einn af burðarásum í atvinnulífi Vestmannaeyja. Stjórn og stjórnendur gera sér fulla grein fyrir ábyrgð sinni gagnvart samféluginu. Sú ábyrgð felst fyrst og fremst í því að reka félagið vel þannig að það sé áhugaverður fjárfestingarkostur fyrir hluthafa því án áhuga þeirra verður félagið ekki lengi í rekstri. Þá verða lánadrottnar að hafa trú



á féluginu og treysta því fyrir lánsfé sínu. Síðast en ekki síst er félagið lítils virði án starfsmanna þess. Félagið verður að hafa burði til að greiða þeim samkeppnishæf laun og búa þeim gott atvinnuöryggi. Í huga stjórnar og stjórnenda eru þeir þættir, sem hér eru taldir, órjúfanlegur þáttur samfélagsábyrgðar félagsins. Með þróttmíklum rekstri leggur félagið samféluginu sínu lið í uppbyggingu Vestmannaeyja.“

Í þeirri þjóðfélagsumræðu sem nú er uppi um ábyrgð fyrirtækja og stjórnenda þeirra er gott að rifja þessi orð upp en þau hafa verið leiðarljós stjórnar og stjórnenda félagsins þann tíma sem ég hef setið í stjórn þess. Enn sem fyrr er að sjávarútvegi sótt, nú með nýrri skattlagningu, hinu svokallaða auðlindagjaldi. Það er vægast sagt undrunarefni ef hið íslenska samfélag ætlað að ganga svo fram að lama þróttmíkinn rekstur sjávarútvegsins með sérstakri skattlagningu og leggja þannig auknar byrðar á sjávarbyggðir landsins. Stjórnmalamenn geta ekki krafíð atvinnulífið um aukna ábyrgð gagnvart samfélagi og fólkini í landinu ef þeir sjálfrir koma þannig fram við eina atvinnugrein að hún eigi sér erfða framtíð.

Ég gef ekki kost á mér til áframhaldandi setu í stjórn Vinnslustöðvarinar. Það hefur verið mér sérstök ánægja að sitja í stjórn þessa félags á liðnum árum. Af því tilefni vil ég þakka samstarfsmönnum í stjórn og stjórnendum, bæði núverandi og fyrrverandi, fyrir ánægjulegt samstarf. Stjórnendum og starfsfólki Vinnslustöðvarinnar hf. þakka ég vel unnin störf á árinu 2003.

Jakob Bjarnason

Skýrsla framkvæmdastjórnar

Inngangur

Rekstur Vinnslustöðvarinnar var viðunandi á rekstrarárinu 1. janúar-31. desember 2003. Afkoma útgerðar félagsins var mjög góð líkt og á síðasta rekstrarári. Rekstur landvinnsludeilda gekk hins vegar ekki eins vel og framlegd þeirra dróst saman eins og gerst hefur undanfarin þjú ár. Afurðaverð flestra bolfsiktegunda hefur lækkað á mörkuðum erlendis auk þess sem samkeppni frá Kína hefur aukist. Fiskverð, sem félagið greiðir fyrir hráefni til vinnslu, er ekki í samræmi við afurðaverð á mörkuðum.

Einn ánægjulegasti viðburður ársins var sameining Vinnslustöðvarinnar og Ísleifs ehf. Við sameininguna bættist lonuskipið Ísleifur VE-63 í flota félagsins auk mikilla aflaheimilda, einkum í loðnu.

Afskriftir jukust á árinu sem skýrist helst af auknum eignfærslum við sameiningu félagsins við Ísleif ehf. en niðurstaða fjármagnsliða var í takt við áætlanir.

Afkoma

Rekstrartekjur Vinnslustöðvarinnar námu 3.378 milljónum króna rekstrarárið 1. janúar-31. desember 2003 og lækkuðu um 231 milljónir króna frá árinu áður eða um 6,4%. Aflaheimildir jukust á árinu með sameiningu við Ísleif ehf. en verð á afurðum félagsins lækkaði á mörkuðum.

Rekstrargjöld án fjármagnskostnaðar og afskrifta voru 2.372

milljónir króna og drögust saman um 119 milljónir króna frá árinu áður eða um 4,8%. Hagnaður fyrir afskriftir var 1.006 milljónir króna og minnkaði um 12 milljónir króna frá fyrra ári. Framlegðarhlutfall félagsins lækkaði frá fyrra ári úr 31% í 29,8%. Framlegðarhlutfall landvinnsludeilda, án sameiginlegs kostnaðar, dróst saman um tæp 4% frá fyrra ári og skýrist af lakara gengi bolfsikdeilda félagsins. Framlegðarhlutfall útgerðar, reiknað á sama hátt, jókst hins vegar um u.p.b. 5% frá árinu áður. Afskriftir námu 542 milljónum króna og hækkuðu um 47 milljónir króna frá árinu áður. Hækkun afskrifta er að mestu leyti vegna aukinna veidiheimilda frá Ísleifi ehf. og vegna endurbóta á fiskimjölsverksmiðju félagsins.

Fjármagnsgjöld voru neikvæð um 215 milljónir króna og jukust um 650 milljónir króna frá fyrra ári. Skýringin er einkum sú að gengishagnaður ársins 2003 var 134 milljónir króna í stað 468 milljón króna gengishagnaðar árið áður. Gengi íslenskrar krónu styrktist lítillega eða um tæpt 1,5% á rekstrarárinu. Vaxtagjöld jukust frá fyrra ári vegna aukningar skulda auk þess sem lækkun á gengi eingin bréfa félagsins var færð meðal fjármagnsgjalda en þau bréf voru nýtt að mestu leyti til sameiningar við Ísleif ehf. Vinnslustöðin beitir ekki verðbólgu-reikningsskilum í uppgjörum sínum. Stjórnendur félagsins vinna markvisst að gjaldeyrisvörnum þar sem tekjur félagsins eru nær allar í erlendum myntum. Á árinu voru framvirkir samningar gerðir fyrir u.p.b. 1.500 milljónir króna til varnar gjald-eyrishættu tekjustreymis félagsins.



Drangavík böðuð í kvöldsöld.

Efnahagur

Heildarniðurstaða efnahagsreiknings Vinnslustöðvarinnar hf. í lok rekstrarársins var 8.240 milljónir króna og hækkaði um 1.407 milljónir króna frá fyrra ári. Á tveimur árum hefur efnahagsreikningur félagsins stækkað um 2.576 milljónir króna. Veltufjárlutfall félagsins var í lok ársins 1,50 og lausafjárlutfall var 1,18 en hvort tveggja hækkaði frá árinu áður.

Heildarskuldir félagsins námu 6.214 milljónum króna og jukust um 1.338 milljónir frá fyrra ári. Nettóskuldir félagsins, það er heildarskuldir að frádregnum veltufjármunum og peningalegum eignum, námu 4.703 milljónum króna og jukust um 1.537 milljónir króna frá síðasta ári. Skýring skuldaaukningar er fyrst og fremst kaup á hlut í Ísleifi ehf. og síðar sameining félaganna. Hlutafé Vinnslustöðvarinnar hf. var ekki aukið við sameininguna heldur voru eigin bréf félagsins nýtt.

Eigið fé Vinnslustöðvarinnar hf. var í árslok 2.025 milljónir króna, 24,6% af heildarefnahag, og lækkaði úr 28,6%. Eiginfjárlutfallið lækkar því um 4% frá árinu áður. Lækkun eigin fjár stafar af sameiningu við Ísleif ehf. á árinu og útgreiðslu arðs.

Veltufé frá rekstri var 715 milljónir króna og lækkaði um 301 milljónir króna frá árinu áður. Handbært fé frá rekstri jókst hins vegar mikið eða um 452 milljónir króna. Nettófjárfestingar félagsins voru 667 milljónir króna á árinu, aðallega vegna sameiningar við Ísleif ehf. Auk þess var fjárfest í búnaði til að auka afköst í loðnuhrognavinnslu félagsins. Þá var fjárfest í veiðiheimildum í humri, auk skips, og í endurbótum á Kap VE í Póllandí á haustmánuðum.

Starfsmenn

Starfsmenn Vinnslustöðvarinnar voru að meðaltali 210 á rekstrarárinu. Heildarlaunagreiðslur félagsins námu 874 milljónum króna en 924 milljónum króna árið áður.

Hlutdeildarfélög, sameiningar

Vinnslustöðin sameinaðist útgerðarfélaginu Ísleifi ehf. og tók sameiningin gildi 30. september 2003. Við sameininguna bættist við eitt uppsjávarveiðiskip í flota Vinnslustöðvarinnar hf. auk tæplega 1.700 þorskígildistonna en aflaheimildir Ísleifs ehf. voru að mestu leyti í loðnu.

Hinn 30. júní 2003 keypti Vinnslustöðin 45% hlutafjár í Stillu ehf. en Stillu á 25% hlutafjár í Vinnslustöðinni.

Vinnslustöðin á 40% eignarhlut í Frostfiski ehf. Velta félagsins á árinu 2003 var 617 milljónir króna, framlegð þess var 51 milljónir króna og hagnaður var 35 milljónir króna.

Hluthafar

Hluthafar Vinnslustöðvarinnar hf. voru 311 í upphafi rekstrarársins en í lok þess voru þeir 465 og hafði því fjölgæð um 154 á árinu. Fjórir hluthafar reyndust eiga yfir 10% í félagini í lok rekstrarársins: Stillu ehf. (25%), Lífeyrissjóður Vestmannaeyja (14,84%), Vátryggingarfélag Íslands (12,76%) og Ker ehf. (11,12%). Gengi hlutabréfa í Vinnslustöðinni hf. í Kauphöll Íslands var í upphafi rekstrarársins skráð 4,20 en 3,50 í lok rekstrarársins. Á tímabilinu var gengið lægst skráð 3,40 í byrjun desember en hæst skráð 4,52 í janúar.

Aflabrogð

Á liðnu rekstrarári var heildarafla skipa félagsins rúmlega 76.700 tonn en var 86.200 tonn árið áður. Samdráttur frá fyrra ári er því um 9.500 tonn og má rekja til minni loðnuafla Kap VE og Sighvats Bjarnasonar VE.

Aflverðmætið var 1.539 milljónir króna en var 1.636 milljónir króna á fyrra ári sem er samdráttur um tæplega 6%.

Afla að verðmæti 913 milljónir króna var landað til eigin vinnslu en það svaraði til 54% af heildaraflaverðmæti skipanna. Til samanburðar nam verðmæti landaðs afla af eigin skipum 1.263 milljónum króna á fyrra rekstrarári eða 77% af heildaraflaverðmæti .

Útgerð

Vinnslustöðin hf. gerði út eftirtalin skip á liðnu rekstrarári: netabátana Brynjólf ÁR-3 og Gandí VE-7, togbátinn Drangavík VE-80, togarann Jón Vídalín ÁR-I og nótaskipin Kap VE-4 og Sighvat Bjarnason VE-81. Frá októberþyrjun gerði félagið enn fremur út nótaskipið Ísleif VE-63. Kap VE fór í gagngerar endurbætur til Póllands síðastliðið haust þar sem skipið var m.a. sandblásið og málað, íbúðir endurnýjaðar og sett var í skipið ný hliðarskrúfa og spilgúr.

Þróun gengis
hlutabréfa í
Vinnslustöðinni hf.
á síðastliðnu
rekstrarári





Magnús Ríkharðsson, skipstjóri á Drangavík VE.



Um borð í Sighvati Bjarnasyni VE. F.v. Jón Eyfjörð skipstjóri, Magnús Jónasson I. stýrimaður og Björgvin Gunnarsson háseti.



Sigfriður Konráðsdóttir og Ingibjörg Sveinsdóttir við vinnu í frystihúsini.



Stuðningsklúbbur Manchester United á svæðinu: Þór Vilhjálmsson og Jakob Möller.

Aflaheimildir

Bolfiskaflaheimildir félagsins á yfirstandandi fiskveiðíári, sem hófst 1. september 2003, eru 11.509 þorskígildistönn en voru 11.052 þorskígildistönn á fiskveiðíárinu 2002-2003. Aflaheimildir í uppsjávarfiski, rækju og humri eru 4.323 þorskígildistönn og er þá miðað við 737 þúsund tonna lokaúthlutun í loðnu. Að auki hefur félagsinu verið úthlutað á árinu 12.671 tonnum af kolmunna og 32 tonnum af þorski í Barentshafi og á síðasta ári var úthlutun til félagsins í NÍ-síld 7.794 tonn.

Framleiðsla

Framleiðsla afurða í landvinnslu Vinnslustöðvarinnar hf. var mjög svípuð og árið 2002 eða um 7.200 tonn. Í frystingu uppsjávarfiska ræður verðlag og ástand á mörkuðum mestu um framleiðsluna, auk náttúrulegra skilyrða. Samtals voru fryst um 2.400 tonn af loðnu og loðnuhognum en árið 2002 voru framleidd 2.600 tonn af þessum afurðum.

Á árinu 2003 voru framleidd rúmlega 2.300 tonn af síldarafurðum en tæplega 1.400 tonn á fyrra ári. Verð á síldarafurðum breyttist lítið í stærri afurðarflokkunum en lækkaði í þeim smærri og þess vegna fór hlutfallslega lítið af aflanum í frystingu.

Lágt verð var á frystum loðnuafurðum á rekstrarárinu. Það skýrist sem fyrr einkum af nægu framboði af norscum loðnuafurðum á Japansmarkaði.

Saltfiskvinnsla er meginstoðin í bolfiskvinnslu félagsins, einkum er um að ræða flattan þorsk sem að mestu er seldur til Portúgals. Á rekstrarárinu voru framleidd rúmlega 1.200 tonn af saltfiskafurðum en 1.900 tonn árið 2002.

Í frystihúsi félagsins var sem fyrr unninn karfi og humar.

Aðgerðarþjónustan Kútmagakot í Vestmannaeyjum vann tæplega 980 tonn af smærri þorski og ýsu í verktakavinnslu líkt og árið á undan.

Bræðsla

Framleiðslutekjur fiskimjölsverksmiðju félagsins á árinu 2003 námu alls 1.024 milljónum króna en voru 1.258 milljónir króna á fyrra rekstrarári. Þetta er samdráttur upp á 234 milljónir króna eða tæp 19%.

Aðkeypt hráefni á árinu 2003 var 86.263 tonn en var 85.580 tonn árið áður. Alls voru brædd 46.960 tonn af loðnu, 20.403 tonn af síld, 17.189 tonn af kolmunna og 434 tonn af fiskúrgangi.

Afl og aflaverðmæti skipa Vinnslustöðvarinnar hf.

	2003		2002	
	Tonn	Millj. kr.	Tonn	Millj. kr.
Brynjólfur ÁR-3	1.457	168	1.277	182
Gandí VE-7	1.320	163	1.225	166
Drangavík VE-80	3.124	329	2.873	314
Jón Vídalín ÁR-1	3.697	306	4.163	294
Kap VE-4	19.234	196	29.005	265
Sighvatur Bjarnason VE-81	42.230	331	47.651	415
Ísleifur VE-63	5.647	51		
Alls	76.709	1.544	86.194	1.636



Gísli Sveinsson, háseti á Drangavík VE, með vænan karfa.



Loðnufrysting: Guðrún Erla Jóhannsdóttir við pökkun.

Aflaheimildir Vinnslustöðvarinnar hf.

	Tonn	2003-2004		2002-2003		
		Þorsk-ígildi	% af úthlutun	Tonn	Þorsk-ígildi	% af úthlutun
Bolfiskheimildir						
Þorskur.....	4.606	4.606	2,7580%	3.898	3.898	2,7199%
Ýsa.....	2.312	2.173	3,8265%	1.693	2.031	3,8256%
Ufsi	2.335	1.004	5,7545%	2.052	985	5,7004%
Karfi.....	3.805	1.902	6,6753%	4.005	2.163	6,6751%
Steinbítur	150	102	1,1415%	149	103	1,1316%
Úthafskarfi.....	423	228	0,7686%	423	228	0,7686%
Grálúða.....	537	774	2,5393%	537	870	2,5382%
Skarkoli	171	198	4,1230%	189	242	4,1132%
Sandkoli.....	268	126	4,1576%	267	125	4,1576%
Skrápflúra	179	77	3,8939%	179	86	3,8939%
Þykkvalúra	55	92	3,7031%	55	88	3,7031%
Langlúra.....	48	29	3,5561%	49	34	3,5559%
Langa	119	94	5,1711%	119	104	5,1711%
Keila.....	38	19	1,2051%	38	20	1,3843%
Skötuselur.....	50	85	2,9652%	38	74	2,9652%
Bolfiskur alls.....	15.096	11.509		13.691	11.052	
Aðrar veiðiheimildir						
Humar.....	61	412	12,4090%	54	389	11,0379%
Rækja	48	34	0,2392%	43	30	0,1429%
Síld.....	10.980	1.098	9,9818%	8.153	1.304	7,7637%
Loðna	55.571	2.779	7,5367%	38.620	1.931	5,0483%
Aðrar veiðiheimildir alls.....	66.660	4.323		46.870	3.654	
Veiðiheimildir alls.....	81.756	15.832		60.561	14.706	

Loðnuúthlutunin fyrir yfirstandandi ár miðast við 737.345 tonna úthlutun, sem var lokaúthlutun á vertíðinni.

Félagið hefur fengið úthlutað 32 tonnum af þorski í Barentshafi og 12.671 tonnum af kolmunna.

Á síðasta ári fékk félagið úthlutað 7.794 tonnum af NÍ-síld.



Kátur hópur í óvissuferð Starfsmannafélags Vinnslustöðvarinnar sumarið 2003.



Elísabet Ólafsdóttir til vinstri og Ólöf Hauksdóttir til hægri á loðnuvertíð.



Japanskir kaupendur við störf á loðnuvertíð.



Eiríkur Tómas Marshall og Stefán Birgisson um bord í Drangavík VE.

Heildarframleiðsla landvinnslu

	2003			2002		
	Tonn	Þús. kr.	Tonn	Þús kr.	Tonn	Þús kr.
Saltaðar afurðir	1.222	480.000	1.890	679.000	2.250	932.000
Landfrystar bolfiskafurðir	1.130	353.000	1.580	585.000	1.590	442.000
Frysting uppsjávarfiska	4.707	374.000	3.989	317.000	7.215	515.000
Humar	143	147.000	148	167.000	120	169.000
Alls	7.202	1.354.000	7.607	1.748.000	11.175	2.058.000

Heildarframleiðsla fiskimjölsverksmiðju

Tegund	2003	2002
	Tonn	Tonn
Loðna	46.960	64.145
Síld.....	20.403	11.834
Kolmunní.....	17.200	7.844
Fiskúrgangur	433	1.757
Alls	84.996	85.580

Afurðir

Fiskimjöl	15.080	15.278
Lýsi	5.406	6.231



Fjölskylduferð í Herjólfssdal á vegum Starfsmannafélags Vinnslustöðvarinnar sumarið 2003.

Sameining Ísleifs og Vinnslustöðvarinnar

Ísleifur ehf. sameinaðist Vinnslustöðinni á árinu 2003. Félagið var stofnað á miðju ári 1975 af Leifi Ársælssyni, Gunnari Jónssyni og Kára Birgi Sigurðssyni. Það keypti Ísleif VE-63 árið 1981 frá Færejum en frá þeim tíma hefur skipinu verið breytt margsinnis og burðar getata þess meðal annars aukin úr 750 tonnum í 1.150 tonn. Leifur

og Gunnar keyptu hlut Kára Birgis í Ísleifi á árinu 1986 og ráku félagið af miklum myndarbrag þar til það var sameinað Vinnslustöðinni. Gaman er að geta þess að feður Gunnars og Leifs komu báðir að stofnun Vinnslustöðvarinnar hf. árið 1946.



Ísleifur VE-63.



Loðnu- og netaskipið Kap VE-4 kom heim í byrjun desember 2003, nýmálað og glæsilegt eftir endurbætur í Póllandi. Vistarverur áhafnar voru endurnýjaðar og vélbúnaður endurbættur. Á innfelldu myndinni er Kap í slipp í Gdynia.

Áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

Að álíti stjórnar og framkvæmdastjóra Vinnslustöðvarinnar hf. koma fram í ársreikningi þessum allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu félagsins í árslok, rekstrararárangri ársins og fjárhagslegrí þróun á árinu.

Hagnaður af rekstri félagsins á árinu var rúmar 249 milljónir króna. Stjórn félagsins leggur til að greiddur verði 20% arður til hluthafa en vísar að öðru leyti í ársreikninginn um breytingar á eigin fé félagsins og ráðstöfun hagnaðar.


Í lok ársins voru hluthafar í félaginu 465 en voru 311 í upphafi árs. Fjórir hluthafar eiga meira en 10% hlutafjárlins en þeir eru Stilla ehf. með 25,00%, Lífeyrissjóður Vestmannaeyja með 14,84%, Vátryggingafélag Íslands með 12,76% og Ker hf. með 11,12%.

Stjórn og framkvæmdastjóri Vinnslustöðvarinnar hf. staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2003 með undirritun sinni.

Vestmannaeyjum 10. febrúar 2004

Í stjórn:


Jakob Bjarnason, formaður


Áðalsteinn Ingólfsson


Guðmundur Kristjánsson


Haraldur Gíslason


Sigurjón Óskarsson

Framkvæmdastjóri:


Sigurgeir Brynjar Kristgeirsson

Áritun endurskoðenda

Til stjórnar og hluthafa í Vinnslustöðinni hf.

Við höfum endurskoðað ársreikning Vinnslustöðvarinnar hf. fyrir árið 2003. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymi og skýringar. Ársreikningurinn er lagður fram af stjórnendum félagsins og á ábyrgð þeirra í samræmi við lög og reglur. Ábyrgð okkar felst í því álíti sem við láttum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar.

Endurskoðað var í samræmi við góða endurskoðunarvenju á Íslandi en samkvæmt henni skal skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg vissa fáist um að ársreikningurinn sé í meginatriðum annmarkalaus. Endurskoðunin felur í sér greiningaraðgerðir, úrtakskannanir og athuganir á gögnum til að sannreyna fjárhæðir og aðrar upplýsingar sem koma fram í ársreikningnum. Endurskoðunin felur einnig í sér athugun á þeim reikningsskilaðferðum og matsreglum sem notaðar eru við gerð ársreikningsins og mat á framsetningu hans í heild. Við teljum að endurskoðunin sé nægjanlega traustur grunnur til að byggja álit okkar á.

Það er álit okkar að ársgreikningurinn gefi glöggja mynd af afkomu félagsins á árinu 2003, efnahag þess 31. desember 2003, og breytingu á handbæru fé á árinu 2003, í samræmi við lög og góða reikningsskilavenju á Íslandi.

Reykjavík 10. febrúar 2004

Deloitte hf.


Þorvarður Gunnarsson
endurskoðandi


Sigurður Páll Hauksson
endurskoðandi

Rekstrarreikningur ársins 2003

	Skýr.	2003	2002
Rekstrartekjur			
Rekstrartekjur fiskvinnslu	2.438.802.116	3.066.422.757	
Rekstrartekjur útgerðar	1.836.461.366	1.782.675.439	
Afl til eigin vinnslu	(912.890.643)	(1.263.035.715)	
Aðrar tekjur	16.027.020	23.217.949	
	3.378.399.859	3.609.280.430	
Rekstrargjöld			
Rekstrargjöld fiskvinnslu	2.071.286.559	2.494.044.822	
Rekstrargjöld útgerðar	1.096.173.106	1.155.139.127	
Afl til eigin vinnslu	(912.890.643)	(1.263.035.715)	
Sameiginlegur kostnaður	117.500.815	104.434.396	
	2.372.069.836	2.490.582.629	
Hagnaður fyrir afskriftir	1.006.330.022	1.118.697.800	
Afskriftir fastafjármuna	2,3	(542.105.420)	(494.943.949)
Rekstrarhagnaður fyrir aðrar tekjur og gjöld		464.224.602	623.753.851
Aðrar tekjur og gjöld			
Önnur gjöld	0	(156.787.814)	
Rekstrarhagnaður	0	(156.787.814)	
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	1,21	(214.917.009)	434.702.595
Hagnaður ársins		249.307.594	901.668.632

Efnahagsreikningur

Skýr.

31. 12. 2003

31. 12. 2002

Fastafjármunir

Óefnislegar eignir

Varanlegar fiskveiðiheimildir	2	2.824.940.543	1.719.145.452
		2.824.940.543	1.719.145.452
Varanlegir rekstrarfjármunir	3,4		
Fasteignir og lóðir		956.950.795	880.069.137
Skip og fylgihlutir		1.837.077.658	1.696.374.826
Vélar og framleiðslutæki		569.546.905	689.282.039
		3.363.575.358	3.265.726.002

Áhættufjármunir og langtímakröfur

Eignarhlutar í hlutdeildarfélögum	5	437.363.953	122.363.953
Eignarhlutar í öðrum félögum	5	101.501.159	14.876.025
Stofnsjóðir og bundnar innistæður		746.281	746.281
Verðbréf		18.296.348	52.693.205
		557.907.741	190.679.464
		Fastafjármunir	
			6.746.423.642
			5.175.550.918

Veltufjármunir

Vörubirgðir	6		
Afurða- og hráefnisbirgðir		139.528.736	286.408.052
Veiðarfæra- og rekstrarvörubirgðir		179.340.214	143.334.930
		318.868.950	429.742.982

Skammtímakröfur

Viðskiptakröfur	7	374.645.770	273.372.043
Kröfur á hlutdeildarfélög		21.392.262	28.150.382
Aðrar skammtímakröfur		88.757.718	70.060.537
Fyrirframgreiddur kostnaður		25.560.979	24.428.989
		510.356.730	396.011.952

Verðbréf og eignarhlutar

Verðbréf	8	57.577.247	624.435.000
		57.577.247	624.435.000

Handbært fé

Innstæður í innlásstofnunum		606.381.942	207.315.134
		606.381.942	207.315.134

Veltufjármunir

Eignir	1.493.184.869	1.657.505.068
	8.239.608.512	6.833.055.986

31. desember 2003

	Skýr.	31. 12. 2003	31. 12. 2002
Eigið fé	9,10		
Hlutafé		1.565.000.000	1.565.000.000
Endurmatsreikningur		0	2.027.461
Lögbundinn varasjóður		70.635.696	70.635.696
Óráðstafað eigið fé		389.571.343	318.872.832
	Eigið fé	2.025.207.039	1.956.535.990
 Skuldir			
Langtímaskuldir	II		
Skuldabréfalán		5.220.646.324	3.616.572.264
		5.220.646.324	3.616.572.264
 Skammtímaskuldir			
Skuldir við lánastofnanir		976.926	462.810.522
Viðskiptaskuldir		214.488.681	137.308.970
Skuldir við hlutdeildarfélög		458.678	128.523
Næsta árs afborganir langtímaskulda	I2	651.762.000	568.093.000
Aðrar skammtímaskuldir		126.068.863	91.606.717
		993.755.148	1.259.947.732
	Skuldir	6.214.401.472	4.876.519.996
 Eigið fé og skuldir		8.239.608.512	6.833.055.986
 Ábyrgðar- og veðskuldbindingar		14-16	

Sjóðstreymi ársins 2003

	Skýr.	2003	2002
Rekstrarhreyfingar			
Hagnaður ársins		249.307.594	901.668.632
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi			
Afskriftir	2,3	542.105.420	494.943.949
Reiknaðar tekjur vegna verðlagsbreytinga	1	0	(62.445.369)
Gengismunur og verðbætur		(115.358.328)	(451.357.071)
Sölutap (hagnaður) eigna		38.446.159	132.921.579
Veltufé frá rekstri		714.500.845	1.015.731.721
Breyting á rekstrartengdum eignum og skuldum			
Vörubirgðir, lækkun, (hækku)		104.874.032	(39.454.082)
Skammtímakröfur, lækkun, (hækku)		6.426.511	(505.613.749)
Skammtímaskuldir, (lækkun), hækku		91.677.156	(5.419.444)
Handbært fé frá rekstri		917.478.544	465.244.446
Fjárfestingarhreyfingar			
Fjárfest í fasteignum		(119.445.342)	(140.131.880)
Fjárfest í fiskiskipum og veiðiheimildum		(139.267.207)	(146.437.175)
Fjárfest í vélum, áhöldum og tækjum		(26.813.924)	(88.562.660)
Seldir fastafjármunir, áhættufjármunir og langtímakröfur		40.198.161	114.860.817
Fjárfest í eignarhlutum og skuldabréfum		(422.027.404)	0
Fjárfestingarhreyfingar		(667.355.716)	(260.270.898)
Fjármögnunarhreyfingar			
Ný lán og afborganir langtímaskulda		791.414.120	188.069.894
Skammtímalán hækku (lækkun)		(461.833.596)	98.100.036
Sameining við önnur félög		102.996.837	(298.487.116)
Greiddur arður		(283.633.381)	0
Fjármögnunarhreyfingar		148.943.980	(12.317.186)
Hækku handbærs fjár		399.066.808	192.656.362
Handbært fé í ársbyrjun		207.315.134	14.658.772
Handbært fé í árslok		606.381.942	207.315.134

Skýringar

Reikningsskilaðferðir

I. Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög og góða reikningsskilavenju á Íslandi. Við gerð ársreikningsins er í öllum meginatriðum fylgt sömu reikningsskilaðferðum og á fyrra ári að öðru leyti en því, að félagið hefur lagt af verðleiðréttigar í reikningsskilum sínum. Ársreikningurinn er því gerður eftir kostnaðarverðsaðferð en þó að teknu tilliti til áhrifa verðlagsbreytinga til ársloka 2002.

Ísleifur ehf. sameinaðist Vinnslustöðinni hf. þann 30. september 2003.

Með lögum nr. 133/2001 voru gerðar breytingar á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt og lögum nr. 144/1994, um ársreikninga. Með lögunum voru verðleiðréttigar laga um tekjuskatt og eignarskatt felldar niður frá og með 1. janúar 2002. Einnig voru ákvæði 25. gr. laga ársreikninga, sem taka til verðleiðréttiga í reikningsskilum vegna áhrifa almenra verðlagsbreytinga, afnumin. Hins vegar er áfram heimilt að færa sérstakt endurmat á eignir að uppfylltum ákveðnum skilyrðum.

Vinnslustöðin hf. hefur ákveðið að verðleiðréttu ekki reikningsskil sín frá og með 1. janúar 2003. Í ársreikningi þessum er því hvorki reiknuð verðbreytingafærsla né fastafjármunir endurmetnir. Samanburðatölum frá fyrra ári hefur ekki verið breytt, ef reikningsskil samsvarandi tímabils hefðu verið óverðleiðrétt þá hefði bókfærður hagnaður verið 845 milljónir og eigið fé 1.867 milljónir.

Eignir og skuldir sem bundnar eru vísitölu eða gengi erlendra gjaldmiðla eru færðar upp miðað við verðlag eða gengi í árslok.

Aðrar reikningsskilaðferðir sem snerta einstök efnisatriði ársreikningsins eru tilgreindar í skýringum hér á eftir.

Óefnislegar eignir

2. Óefnislegar eignir samanstanda af keyptum varanlegum veiðiheimildum. Eignir þessar eru afskrifaðar um 6% árlega. Óefnislegar eignir greinast þannig:

Stofnverð 1.1.2003	2.673.477.170
Viðbót vegna sameiningar	1.251.091.083
Viðbót á árinu	64.370.000
Stofnverð 31.12.2003	<u>3.988.938.253</u>
 Afskrifað áður	954.331.718
Viðbót vegna sameiningar	42.359.344
Afskrifað á árinu	67.306.648
Afskrifað samtals 31.12.2003	<u>1.163.997.710</u>
 Bókfært verð 31.12.2003	<u>2.824.940.543</u>

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

3. Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig

	Fasteignir og löðir	Skip og fylgihlutir	Vélar og framleiðslutæki	Samtals
Stofnverð 1.1.2003	1.528.561.639	2.902.572.104	2.221.815.375	6.652.949.118
Selt eða niðurfært á árinu	0	0	(11.771.833)	(11.771.833)
Viðbót vegna sameiningar	8.279.866	592.363.596	2.501.943	603.145.406
Viðbót á árinu	119.445.342	74.897.207	26.813.924	221.156.474
Stofnverð 31.12.2003	<u>1.656.286.847</u>	<u>3.569.832.908</u>	<u>2.239.359.409</u>	<u>7.465.479.164</u>
 Afskrifað áður	648.492.502	1.206.197.278	1.532.533.336	3.387.223.115
Selt á árinu	0	0	(9.858.106)	(9.858.106)
Viðbót vegna sameiningar	4.032.473	342.454.528	2.251.749	348.738.750
Afskrifað á árinu	46.811.078	184.103.445	144.885.525	375.800.048
Afskrifað samtals 31.12.2003	<u>699.336.053</u>	<u>1.732.755.250</u>	<u>1.669.812.504</u>	<u>4.101.903.807</u>
 Bókfært verð 31.12.2003	<u>956.950.795</u>	<u>1.837.077.658</u>	<u>569.546.905</u>	<u>3.363.575.358</u>
 Afskriftarhlutföll	4%	6%	12-20%	

Skýringar

Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshluti af kostnaðarverði miðað við eignarhaldstíma á árinu. Afskriftir samkvæmt rekstrarrekningi greinast þannig:

Afskrift varanlegra rekstrarfjármuna	375.800.048
Sölutap (hagnaður) varanlegra rekstrarfjármuna	(1.001.276)
Afskriftir óefnislegra eigna sbr. skýringu 2	167.306.648
	<hr/>
	542.105.420

4. Fasteignamat og vátryggingamat eigna félagsins í árslok greinist þannig:

	Fasteignamat	Vátryggingamat	Bókfært verð
Fasteignir og löðir:			
Fiskimjölsverksmiðja	240.250.000	553.562.000	487.290.930
Fiskiðjuver	169.971.000	879.423.000	432.913.649
Aðrar eignir	95.960.000	121.000.000	36.746.215
	<hr/>		
	506.181.000	1.553.985.000	956.950.795
Skip og fylgihlutir:			
Kap VE 4		185.027.000	208.795.552
Sighvatur Bjarnason VE 81		283.131.000	802.487.223
Gandí VE 7		92.150.000	54.974.976
Brynjólfur ÁR 3		77.334.000	155.903.220
Jón Vídalín ÁR 1		166.206.000	141.028.385
Drangavík VE 80		194.429.000	200.570.770
Kristbjörg VE 82		15.000.000	29.550.000
Ísleifur VE 63		404.718.000	240.953.619
Smábátar, tveir		8.305.000	2.813.913
	<hr/>		
Vélar og framleiðslutæki		1.987.328.000	569.546.905
	<hr/>		
	506.181.000	4.967.613.000	3.363.575.358

Eignarhlutar í félögum

5. Eignarhlutar félagsins í hlutdeildarfélögum og öðrum félögum eru bókfærðir á kostnaðarverði að teknu tilliti til niðurfærslu.

Eignarhlutar í hlutdeildarfélögum:	Hlutdeild	Nafnverð	Bókfært verð
Stilla ehf.	45,0%	352.000.000	352.000.000
Frostfiskur ehf.	40,5%	3.400.000	117.718.191
Nethamar ehf.	22,1%	3.669.205	4.645.762
Niðurfærsla			(37.000.000)
			<hr/>
			437.363.953

Eignarhlutar í öðrum félögum:

Eignarhaldsfélag hlutafélaga ehf.	2,8%	329.000	387.293
Fiskmarkaður Vestmannaeyja hf.	8,0%	2.410.000	4.779.358
Ísfélag Þorlákshafnar hf.	0,6%	828.527	1.894.542
Framleiðendur ehf.	2,3%	2.941.176	5.539.680
Hraðfrystihúsið Gunnvör hf.	1,3%	8.750.000	60.027.406
Sæbýli hf.	3,3%	1.333.333	9.999.998
Síldarvinnslan hf.	0,4%	7.202.811	19.847.127
Aðrir eignarhlutar (alls 5 félög)		1.466.558	2.225.755
Niðurfærsla			(3.200.000)
			<hr/>
			101.501.159
			<hr/>
			538.865.112

Skýringar

Birgðir

6. Birgðir afurða eru metnar á áætluðu kostnaðarverði, sem tekur mið af beinum og óbeinum framleiðslukostnaði. Framleiðslukostnaður afurðabirgða í heild er ákvarðaður sem meðalframleiðslukostnaður allra birgða af sama tagi. Birgðabreyting afurða er færð meðal rekstrartekna.

Afurða- og hráefnisbirgðir í árslok eru alls að verðmæti kr. 139.528.736.

Veiðarfæra- og rekstrarvörubirgðir greinast þannig:

Veiðarfærabirgðir	154.260.000
Rekstrarvörubirgðir	25.080.214
	179.340.214

Vátryggingamat afurðabirgða á reikningsskiladegi var 753 milljónir króna og veiðarfæri og afli skipa var tryggður fyrir 164 milljónir króna.

Rekstrarvörur eru metnar á kostnaðarverði að teknu tilliti til eðlilegrar rýrnunar. Undírslegin veiðarfæri eru metin á hálfvirði, en loðnu- og síldarnætur eru metnar að hámarki á helmingi endurkaupsverðs.

Skammtímakröfur

7. Skammtímakröfur eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til niðurfærslu kr. 20.400.000. Hér er ekki um endanlega afskrift að ræða, heldur er myndaður mótreikningur til að mæta þeim vanhöldum sem kunna að verða á innheimtu framangreindra krafna. Breyting niðurfærslu skammtímakrafna á árinu greinist þannig:

Óbeinar afskriftir í ársbyrjun	10.400.000
Tapaðar kröfur á árinu	(14.483.539)
Gjalfærð niðurfærsla á árinu	24.483.539
	20.400.000

Verðbréf

8. Verðbréfeign félagsins samanstendur af eignarhlutum í Vinnslustöðinni hf. að nafnverði kr. 16.450.642 sem ætluð eru til sölu á rekstrararárinu 2004.

Eigið fé

9. Heildarhlutafé félagsins er kr. 1.565.000.000 eins og kveðið er á um í samþykktum þess. Eitt atkvæði fylgir hverjum einnar krónu hlut í félagini.

10. Yfirlit yfir eiginfjárreikninga:

	Hlutafé	Endurmats-reikningur	Lögbundinn varasjóður	Óráðstafað eigið fé	Samtals eigið fé
Yfirlært frá fyrra ári	1.565.000.000	2.027.461	70.635.696	318.872.832	1.956.535.989
Endurmat flutt á óráðstafað		(2.027.461)		2.027.461	0
Sameining við önnur félög				102.996.837	102.996.837
Hagnaður ársins				249.307.594	249.307.594
Úthlutaður arður				(283.633.381)	(283.633.381)
	1.565.000.000	0	70.635.696	389.571.343	2.025.207.039

Skýringar

Langtímaskuldir

II. Yfirlit langtímaskulda:

	Eftirstöðvar
Skuldir í erlendum gjaldmiðlum:	
Skuldir í USD	1.202.937.398
Skuldir í JPY	629.586.190
Skuldir í GBP	395.029.124
Skuldir í CHF	672.913.444
Skuldir í EUR	1.917.281.205
Skuldir í NOK	33.332.655
Skuldir í öðrum myntum	81.840.649
	<hr/> 4.932.920.665
Skuldir í íslenskum krónum	939.487.659
	<hr/> 5.872.408.324
Næsta árs afborganir langtímaskulda	(651.762.000)
Langtímaskuldir samkvæmt ársreikningi	<hr/> 5.220.646.324
12. Afborganir af langtímaskuldum félagsins í árslok greinast þannig á næstu ár:	
Næsta árs afborganir	651.762.000
Afborganir 2005	680.580.000
Afborganir 2006	1.045.221.000
Afborganir 2007	655.513.000
Afborganir 2008	743.958.000
Afborganir síðar	<hr/> 2.095.374.324
	<hr/> 5.872.408.324

Skattamál

13. Skattar á hagnað ársins og eignir í árslok sem lagðir verða á félagið á árinu 2004 hafa verið reiknaðir og færðir í ársreikninginn.

Ekki kemur til greiðslu tekjuskatts og eignarskatts.

Ekki kemur til greiðslu tekjuskatts vegna yfirlægðar, ónotaðs, skattalegs taps. Ónotað skattalegt tap félagsins í árslok var 1.049 milljónir króna. Ónotuð skattaleg töp nýtast til frádráttar hagnaði næstu tíu ára eftir að talið myndaðist. Ónotuð skattaleg töp félagsins má í síðasta lagi draga frá hagnaði sem hér segir:

Frá hagnaði 2009	609.520.547
Frá hagnaði 2010	166.004.002
Frá hagnaði 2011	274.204.446
	<hr/> 1.049.728.995

Ábyrgðir og veðskuldbindingar

14. Ábyrgðir utan efnahags nema um 80 milljónum króna.

15. Á eignum félagsins hvíla þinglýst veð og skuldbindingar til tryggingar skuldum þess, sem voru að eftirstöðvum um 1.097 milljónum króna. Auk þess eru áhvílandi á eignunum tryggingarbréf samtals um 5.191 milljón króna.

Veðsetningar greinast þannig á eignaflokka:

	Eftirstöðvar skuldbindinga	Tryggingar- bréf	Bókfært verð eigna
Fiskiskip og veiðiheimildir	628.971.553	4.868.729.130	4.662.018.201
Fasteignir og lóðir	467.920.153	322.092.736	956.950.795
	<hr/> 1.096.891.706	<hr/> 5.190.821.866	<hr/> 5.618.968.996

Skýringar

16. Félagið hefur gert afleiðusamninga við lánastofnanir í þeim tilgangi að takmarka vaxta- og gengisáhættu. Skuldbindingar og kröfur vegna framvirkra samninga eru bókfærðar í ársreikninginn miðað við markaðsverð í árslok. Framvirkir gjaldmiðlasamningar í árslok eru að verðmæti um 1.260 milljónir króna.

Önnur mál

17. Félagið hefur keypt rekstrarstöðvunartryggingu vegna bruna- og vatnstjóns og nemur bótafjárhæðin allt að 906 milljónum króna.

18. Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

	2003	2002
Laun	874.306.421	923.651.021
Launatengd gjöld	156.682.816	174.615.917
	<hr/> 1.030.989.237	<hr/> 1.098.266.938
Meðalfjöldi starfa	210	215

19. Heildarlaun og þóknanir til stjórnenda félagsins á árinu og hlutabréfa eign þeirra í árslok sundurliðast þannig:

	Laun	Hlutabréfaeign
Jakob Bjarnason, stjórnarformaður	800.000	0
Gunnlaugur Ólafsson, varaformaður	300.000	17.917.624
Aðrir stjórnarmenn (7)	1.660.000	25.779.749
Sigurgeir Brynjar Kristgeirsson, framkvæmdastjóri	11.950.566	1.179.241
Framkvæmdaráð (6)	32.757.133	3.086.839
	<hr/> 47.467.699	<hr/> 47.963.453

20. Póknun fyrir endurskoðun og aðrar greiðslur til endurskoðenda sundurliðast þannig:

Endurskoðun	3.867.792
Önnur verkefni	1.437.327
	<hr/> 5.305.119

Í þóknun fyrir endurskoðun felst vinna við endurskoðun á ársreikningi og árshlutareikningum auk vinnu sem stjórn félagsins hefur falið endurskoðendum og telst falla undir eðlilegan hluta af starfi hans. Undir önnur verkefni fellur einkum skattaráðgjöf, ráðgjöf vegna reikningsskila og önnur fjárhagsleg ráðgjöf.

21. Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) greinast þannig:

	2003	2002
Vaxtatekjur	35.426.131	76.894.889
Aðrar fjármunatekjur, þ.m.t. arður	82.638	277.783
	<hr/> 35.508.769	<hr/> 77.172.672
Vaxtagjöld	(275.863.286)	(184.169.578)
Gengismunur og verðbætur	133.838.092	468.386.916
Söluhagnaður (tap) áhættufjármuna	(38.446.159)	0
Verðbreytingar á verðbréfum á verðbréfamarkaði	(69.954.425)	10.867.216
	<hr/> (250.425.778)	<hr/> 295.084.554
Reiknaðar tekjur vegna áhrifa verðlagsbreytinga	0	62.445.369
	<hr/> (214.917.009)	<hr/> 434.702.595

Skýringar

22. Úthlutaðar veiðiheimildir til fiskiskipa félagsins á fiskveiðíárinu frá 1.9.2003 til 31.8.2004 eru eftirfarandi, auk stöðu aflamarks hverrar tegundar í árslok:

	Aflahlutdeild í prósentum	Úthlutað aflamark í tonnum	Aflamark þorskígildis tonnum	Staða aflamarks í árslok í tonnum
Veiðiheimildir í botnfiski				
Þorskur	2,7580%	4.606	4.606	3.576
Ýsa	3,8265%	2.312	2.173	1.577
Ufsi	5,7545%	2.335	1.004	1.547
Karfi	6,6753%	3.805	1.902	2.816
Langa	5,1711%	119	94	83
Keila	1,2051%	38	19	(1)
Steinbítur	1,1415%	150	102	139
Skötuselur	2,9652%	50	85	17
Grálúða	2,5393%	537	774	7
Skarkoli	4,1230%	171	198	106
Sandkoli	4,1576%	268	126	269
Skrápflúra	3,8939%	179	77	179
Þykkvalúra	3,7031%	55	92	27
Langlúra	3,5561%	48	29	13
		14.673	11.281	10.356
Aðrar veiðiheimildir				
Síld	9,9818%	10.980	1.098	(226)
Loðna	7,5367%	27.310	1.366	17.132
Humar	12,4090%	61	412	73
Rækja	0,2392%	48	34	53
		38.399	2.910	17.033
Aflaheimildir alls		53.072	14.191	27.389

Aflaheimildir í loðnu eru reiknaðar út miðað við upphafsúthlutun um 362 þúsund tonna heildarafla.

Skip í eigu félagsins fengu jafnframt úthlutað á síðasta ári aflamarki úr norsk - íslenska síldarstofnínunum samtals 7.794 tonn, kolmunna 14.059 tonn, úthafskarfa 423 tonn og þorski í Barentshafi 26 tonn.

Sjóðstreymi

23. Fimm ára yfirlit um sjóðstreymi á verðlagi hvers árs.

	2003	2002	2001	1999 / 2000	1998/9
Afkoma ársins	249.307.594	901.668.632	35.283.682	(256.159.278)	(850.636.446)
Afskriftir	542.105.420	494.943.949	427.603.152	418.057.833	442.892.851
Reiknaðar tekjur vegna verðlagsbreytinga	0	(62.445.369)	(276.382.410)	(136.560.392)	(110.112.161)
Verðbreytingar langtímaskulda	(115.358.328)	(451.357.071)	563.136.880	148.263.594	141.516.784
Aðrar breytingar	38.446.159	132.921.579	60.259.127	13.946.979	54.175.250
Hreint veltufé frá rekstri	714.500.845	1.015.731.721	809.900.431	187.548.736	(322.163.722)
Breyting á:					
Rekstrartengdum eignum	III.300.543	(545.067.831)	(478.957.031)	359.841.797	174.687.878
Rekstrartengdum skuldum	91.677.156	(5.419.444)	45.120.902	(128.617.472)	65.380.823
Handbært fé frá rekstri	917.478.544	465.244.446	376.064.302	418.773.061	(82.095.021)

Kennitölur

24. Úr rekstrarreikningi :

	2003	2002	2001
Hagnaður fyrir afskriftir / rekstrartekjur	29,79%	31,00%	33,94%
Hagnaður ársins / rekstrartekjur	7,38%	24,98%	1,01%
 Hagnaður fyrir afskriftir, vexti og skatta (EBITDA)	I.006.330.022	I.II8.697.800	I.II1.246.328
 Arðsemi eigin fjár	12,52%	55,03%	2,47%

25. Úr efnahagsreikningi :

	31.12 2003	31.12 2002	31.12 2001
Veltufjárlutfall - veltufjármunir/skammtímaskuldir	1,50	1,32	0,76
Eiginfjárlutfall - eigið fé/heildarfjármagn	24,58%	28,63%	23,31%
Innra virði hlutafjár - eigið fé/hlutafé	1,29	1,25	0,84
 Hagnaður á hverja krónu nafnverðs hlutafjár (EPS)	0,16	0,58	0,02

26. Úr sjóðstreymi ársins :

a) Skuldaþekja handbærs fjár	0,10	0,10	0,09
b) Gæði sölunnar	0,97	1,01	1,17
c) Gæði afkomunnar	3,68	0,52	10,66

- a) Handbært fé frá rekstri að frádegnum arðgreiðslum / heildarskuldir
- b) Innborgaðar tekjur / bókfærðar tekjur
- c) Handbært frá rekstri / afkoma



Mars 1979. Veiga frá Hrafnó, Bía á Saltabergi og Bína á Gamla spítalanum.



Október 1976. Síldarsöltun í Vinnslustöðinni.


Myndir: Sigurgeir Jónasson



Október 1983. Þuríður Júlíus-dóttir.



Maí 1980. Hermann Jónsson, matsmaður.



Desember 1986. Vinnslustöðin fertug.



Október 1983. Bjarnfríður Guðnadóttir, Helga Víglundsdóttir og Rósa Einarsdóttir.



Janúar 1974. Guðmundur Ásbjörnsson, verkstjóri, Baldur í Vallanesi og Sighvatur Bjarnason, framkvæmdastjóri.



Október 1983. Bjarni Bjarnason, Sigurður Jónsson frá Engey og Brynjar Einarsson.



Nóvember 1975. Síldarsöltun í Vinnslustöðinni.